

Lokaskýrsla

Skólaárið 2017 – 2018

**Prepaskiptar námsáætlanir í
Brekubæjarskóla**

September 2018

Arnbjörg Stefánsdóttir, verkefnisstjóri

Nafn skóla: Brekkubæjarskóli

Nafn verkefnis: Prepaskiptar námsáætlanir

Verkefnisstjóri: Arnbjörg Stefánsdóttir

Samningsnúmer, ár: Nr. 76, 2017-2018

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Að kennarar læri hver af öðrum og hver með öðrum til að auka gæði skólastarfs.
- Að koma á og festa í sessi faglega umræðu um gæði kennslu og kennsluáætlaða.
- Að kennarar verði meðvitaðri um þau áhrif sem þeir hafa á árangur nemenda.
- Að auka gæði við gerð kennsluáætlaða.
- Að bæta árangur nemenda í íslensku og stærðfræði.
- Að kennsluáætlanir mæti þörfum allra, sérstaklega sterkustu nemendanna.
- Að efla kennslu í grunngreinunum, íslensku og stærðfræði

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Við vorum með fræðslu á kennarafundum og skipulagsdögum bæði frá innanhússfólki og utanaðkomandi. Einnig fengum við fyrirlestra/námskeið þar sem fjallað var um mismunandi leiðir við gerð námsáætlaða og hvernig hægt er að vinna þær þannig að allir fái að taka framförum á sínum forsendum á sama tíma og margar ólíkar leiðir eru að markinu.

Við hófum vinnuna á að fá nokkra kennara hjá okkur til að vera með fræðsluerindi um gerð námsáætlaða í fjölbreyttum nemendahópi.

Næst fengum við Eddu Óskarsdóttur til að koma og vera með fræðsluerindi um skóla margbreytileikans. Hún kynnti einnig niðurstöður úttektar á skóla án aðgreiningar.

Þorbjörg Skúladóttir kom og var með erindi um hvernig "nýja" bókstafanámsmatið styður við gerð námsáætlaða í Mentor þar sem hæfniviðmið eru lögð til grundvallar.

Ingi Hrannar Ómarsson kom og hélt fyrirlestur um nýtingu tækninnar við gerð námsáætlaða.

Við fengum Ásdísi Hallgrímsdóttur og Erlu Erlendsdóttur til að koma með PALS námskeið fyrir alla kennara. Við töldum að sú kennsluáæfing myndi nýtast vel við gerð námsáætlaða í lestrarkennslu og koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda til að bæta læsi.

Að lokum kom Svanhildur María Ólafsdóttir og var með námskeið um teymiskennslu og samvinnu og tækifærin, sem felast í því vinnulagi, til að vinna námsáætlanir fyrir fjölbreyttan nemendahóp.

Við höfum einnig breytt hjá okkur áherslum til að mæta þörfum margbreytilegra nemendahópa með því að efla þverfaglega vinnu í árgangateymum. Nú eru þroskaþjálfari, iðjuþjálfari eða fagaðili með sambærilega menntun starfandi í hverju teymi auk stuðningsfulltrúa.

Auk ofangreinds voru umræður í kennarahópnum bæði út frá erindum sem við fengum og út af reynslu kennara sem höfðu tileinkað sér nýtt vinnulag.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Við höldum að við gætum valið úr fyrirlesurum og sérfræðingum varðandi prepaskiptar námsáætlanir. Það hafði komið danskur kennari á námskeið á vegum sérkennarafélagsins með fyrirlestur um þetta efni en okkur þótti of mikill kostnaður að fá hann til okkar. Það sem við ætluðum okkur gekk því ekki eftir og fórum við því þá leið að fá fólk með ólíkar nálganir til að koma til okkar og vinna með okkur.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Skortur á fólki sem hefur sérhæft sig í því sem við ætluðum okkur.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða henni

Mesti ávinningurinn af þessari vinnu er hugarfarsbreyting hjá kennurum varðandi nálgun við gerð kennsluáætlana. Flestir eru komnir frá því að horfa á markmiðin og gera námsáætlun sem passar við “meðal” nemendur og einfalda hana fyrir þá sem ráða ekki við hana og gera hana aðeins flóknari fyrir þá sem þurfa meiri áskorun. Nú eru flestir kennarar skólans komnir á þann stað í hugsun að horfa á nemendahópinn og hugsa hvernig best sé að nálgast ákveðin markmið með þennan nemendahóp, hvaða leiðir þurfi að fara og hvað leið henti hverjum og einum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Hefur verkefnið, eða mun það, hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur nú þegar haft heilmikil áhrif á skólastarfið og gjörbreytt allri vinnu við skipulag kennslu eins og kom fram hér að ofan. Í þessari vinnu kom mjög oft upp í umræðunni að þverfagleg teymiskennsla væri lykilþáttur í þessari breytingu á nálgun og er nú teymiskennsla í öllum árgöngum skólans.

Niðurstöður verkefnisins:

Helstu niðurstöður þessa verkefnis er að við erum lögð af stað í langhlaup með mörgum áföngum. Fyrsti stóri áfanginn var hugarfarsbreytingin. Kennurum finnst þeir koma betur til móts við hvern nemanda og við stjórnendur sjáum breytingu á gerð námsáætlana. PALS vinnan hefur t.d. aukið áherslu á læsi og lestur í öllum árgöngum og erum við með miklar framfarir eftir þá vinnu. Framhaldið af þessu verkefni er að halda áfram að styðja við þennan hugsanagang og þessi vinnubrögð. Það munum við gera bæði með jafningjastuðningi og utanaðkomandi ráðgjöf/fyrirlestrum.

Við settum okkur nokkur markmið eins og kemur fram í upphafi þessarar skýrslu.

Í tengslum við þetta verkefni fengum við kennara til að miðla því sem þeir eru að gera bæði á fundum og með því að setjast niður með einstaka kennurum. Einnig vorum við þátttakendur í faglegum bókaklúbba nokkurra skóla og hittumst og ræddum þær bækur sem voru í honum. Þetta voru níu bækur og voru níu eintök af hverri bók, misjafnt var hverjir lásu þessar bækur. Með þessu hefur fagleg umræða milli kennara stóraukist í skólanum þannig að við teljum þessu markmiði náð.

Við tókum heilmikla umræðu um gæði kennslustunda með kennarahópnum og settum gæðaviðmið fyrir Brekkubæjarskóla hvað varðar skipulag, upphaf, uppbyggingu og lok kennslustunda. Þegar kennarar koma í starfsmannaviðtalið þar sem fjallað er um starfshætti og umbætur er sérstaklega rætt um þessi viðmið. Auk þess að farið er yfir þau í upphafi skólaárs og þessi viðmið eru eitt af því sem skólastjóri skoðar þegar hann fer í kennslustundir með það að markmiði að meta kennslu kennara.

Ekki hefur verið unnið sérstaklega með áhrif kennara á árangur nemenda en farið er yfir niðurstöður rannsókna á því hvað hefur mest áhrif á árangur nemenda með kennurum.

Það hefur verið mikil umræða og fræðsla um gerð námsáætlana og sett hafa verið upp ákveðin viðmið um það hvernig á að setja þær upp og hafa þær því breyst heilmikið með þessari vinnu. Kennarar sem hafa sérhæft sig, sérstaklega í stærðfræðinni, hafa sett upp ramma sem þeir hafa kynnt fyrir kennurum, farið inn í kennslustundir til að skoða hvernig þeim gengur að vinna eftir rammanum og veitt þeim ráðgjöf við áætlanagerðina.

Betur er hugað að hverjum nemanda og hvernig hægt sé að nálgast viðfangsefnin til að hver og einn nái árangri. Þessi hugsun kemur öllum nemendum vel, hvar sem þeir eru staddir í námi. Ákveðin gæðaviðmið hafa verið sett inn í kennsluáætlanirnar okkar í Mentor þannig að kennarar þurfa að gera grein fyrir því hvernig þeir vinna að ákveðnum þáttum.

Kennsla í grunngreinunum íslensku og stærðfræði hefur eflst í þessari vinnu og árangur nemenda er á uppleið enda helst þetta tvennt yfirleitt í hendur.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Þetta verkefni verður kynnt fyrir skólasamfélaginu á Akranesi og á samráðsvettvangi skólastjórnenda á Vesturlandi ef áhugi er fyrir hendi.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Við erum afskaplega þakklát fyrir þennan styrk þrátt fyrir að við þyrftum að fara aðra leið en upphaflega var áætlað.

Með þessum styrk fengum við tækifæri til að fá fólk með ólíkan bakgrunn og ólíka sýn á nám nemenda. Það nýttist okkur vel í allri umræðu hér innan húss um breytingar á áherslum við gerð námsáætlana.